# Jesús sat í bátnum

Guðm. Guðmundsson fyrirmynd í texta A. Frostenson

Trond Kverno 1972




Börnin smíða báta
úr berki eða skel.
Jesús boðar orðið
og allir hlusta vel:

"Sáðmaðurinn fræjum
þá sáði yfir fold.
Sumt bar mikinn ávöxt,
það óx í góðri mold.

Annað féll á veginn
og varð að fugla mat.
Annað féll í grjóturð,
þar ekkert vaxið gat.

Sumt féll meðal þyrna
og það er horfið nú.
Hlustaðu á orðið,
svo ávöxt berir þú."

Copyright © Guðmundur Guðmundsson á íslenskri þýðingu